

21.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins í Laugardal mánudaginn 12.desember 2011 kl. 19.30. Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Birgir, Kári og Gry.

Þetta gerðist:

1. Sigurjón þakkaði Gry fyrir störf hennar á ársþing IPF, en Gry sat þingið fyrir hönd Íslands.
2. Kraftlyftingaping 2012.  
Ákveðið var að halda þingið í tengslum við Íslandsmeistarmótið í bekkpressu á Akranesi laugardaginn 28.janúar nk. Sama dag verður afhentur bikarinn til besta kraftlyftingafélags ársins 2011.  
**Aðgerð:** **Gry** boðar þingið og útbýr kjörbréf. **Kári** tryggir húsnæði og gengur frá reikningum og fjárhagsáætlun næsta árs. **Sigurjón** gerir skýrslu stjórnar.
3. Umsóknir vegna styrkja.  
Kári gerði grein fyrir styrkjum sem búið er að sækja um. Sótt var um í afrekssjóði fyrir Auðunn Jónsson og Maríu Guðsteinsdóttur. Sótt var um í sjóð ungra og efnilegra íþróttamanna fyrir Júlían Jóhannsson. Sótt var um hjá Ólympíufjölskyldunni vegna þátttöku á fjórum stórumótum erlendis 2012. Ákveðið að bæta við upplýsingum um styrki á kraft.is.  
**Aðgerð:** **Kári** skoðar styrki og setur upp á aðgengilegan hátt fyrir heimasíðuna.
4. Landsliðsmál.  
Brýnt er að ákveða þáttöku næsta árs. Ákveðið var að styrkja ekki þáttöku á öldungamótum 2012.  
**Aðgerð:** **Kári** gerir drög að lágmarkskröfum vegna þátttöku erlendis með hliðsjón að árangur á vilksstigum og úrslitum undanfarinna ára. **Guðjón, Birgir og Auðunn** vinna úr þessum upplýsingum og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
5. Fjárhagsáætlun  
Kári lagði fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun næsta árs miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir og fékk þakkir fyrir.  
**Aðgerð:** haldið verður áfram að afla upplýsinga til að geta gengið endanlega frá áætlun.
6. Kraftlyftingamaður og –kona ársins.  
Sambandið þarf að senda inn tilnefningu seinast 15.desember nk.  
**Aðgerð:** **Kári** setur upp nauðsynlegar upplýsingar um þá sem koma til greina. Stjórnin afgreiðir málið í tölvupósti. **Gry** tekur saman greinagerð og sendir inn.
7. Reglur um framkvæmd móta  
Ákveðið var að endurskoða reglugerð um mótahald og hefja vinnu við handbók mótshaldara með það fyrir augum að auka gæði móta. Markmiðið er að klára þetta fyrir þingið.  
**Aðgerð:** **Gry** gerir drög að þessu og sendir á stjórnina
8. Erindi frá félögum  
- ósk hefur borist frá Kraftlyftingadeild Gróttu um aðild að Kraftlyftingasamband Íslands og var hún samþykkt. **Aðgerð:** **Gry** kynnis Gróttumönnum þetta.  
- ósk hefur borist frá Zetórum og kraftlyftingadeild Gróttu um að mega tefla fram sameiginlegu liði á mótum.  
**Aðgerð:** **Sigurjón** falið að ræða við aðila um nærtækari leiðir til samstarfs.  
- óskað hefur verið eftir nærveru fulltrúa Kraft á stofnfund kraftlyftingadeildar Skallagríms í Borgarnesi þriðjudaginn 13.desember. **Aðgerð:** **Sigurjón, Guðjón og Kári** fara á fundinn. Fundi slitið kl. 21.30